



**3. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2025 - 2026**  
**haldinn fimmtudaginn 4. september 2025**  
**fundarsalur Gimli – Háskólatorg**

**Fundinn sátu:**

Baldvin Zarióh formaður, Íris Davíðsdóttir (teams), Íris Hrönn Guðjónsdóttir, Ármann Höskuldsson, Katrín Pálmadóttir Þorgerðardóttir, Ragna Kemp Haraldsdóttir og Andri M. Kristjánsson.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson, boðaði forföll.

Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 14. ágúst 2025.
2. Launatöflulauki 2025.
3. Greiningarsjóður háskólafélaganna, staða og móttaka 4. september 2025.
4. Keldur, staða máls.
5. Starfsárið 2025 – 2026, verkefni framundan og stefnumótun., dagsetning vinnufundar, sameining félaga.
6. Fundur með Endurmenntun, samningur Setursins og EHÍ.
7. Fréttir af BHM.  
Önnur mál:  
HÍ mál.  
Nýjar reglur Styrktarsjóðs.  
Skaðvaldar  
Málþing BHM: Borgar sig að vanmeta menntun, 9. September 2025.

**1. Fundargerð, 14. ágúst 2025**

Athugasemd var gerð við fundargerðina.

Niðurlag 4. töluliðar verði : „Samþykkt var að formaður fengi umboð til að halda áfram með málið og klára samstarfssamning félaganna fjögurra.“

Fundargerðin var að öðru leyti samþykkt.

**2. Launatöflulauki**

Baldvin sagði frá niðurstöðu nefndar um launatöflauka sbr. viðauka í nágildandi kjarasamningi. Launatöflur félagsins munu hækka um 1,24% frá og með 1. september 2025. Framkvæmdastjóri upplýsti um það að frétt þess efnis var birt strax á heimasíðu og facebook síðu félagsins. Rætt var um að formaður sendi fréttabréf þar sem þessi niðurstaða verði árétuð, ásamt öðrum fréttum.

### 3. Greiningarsjóður háskólafélaganna

Baldvin sagði frá stöðunni. Samstarfssamingur félaganna fjörra er tilbúinn. Nýverið var gengið frá ráðningu starfsmanns sem mun sinna þeim störfum sem fjallað er um í samningnum, um tilgang hans. Hann hafa það meginverkefni að sinna hagfræðilegum greiningum á kjörum og högum háskólamenntaðra sérfræðinga og upplýsingamiðlun. Áætlað er að hann muni hefja störf 1. desember næstkomandi.

Baldvin minnti stjórnarfolk á móttöku seinna í dag vegna undirritunar samstarfssamningsins, í Norræna Húsinu.

### 4. Keldur, staða máls.

Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með lögmanni, Jóni Sigurðssyni hrl. og hann hefur samþykkt að taka málð að sér. Baldvin upplýsti um það að Jón hafi sent formlegt erindi til stjórnar Keldna í dag, þar sem stofnuninni er gefinn kostur á að leiðrétta greiðslur vinnumats vegna starfsloka starfsmanns, að öðrum kosti komi til kasta dómstóla.

### 5. Starfsárið 2025 – 2026 og verkefni framundan

Hvorki Félag prófessora við ríkisháskóla né Félag háskólakennara á Akureyri hafa tilnefnt fulltrúa í starfsnefnd sem ætlað er að skoða sameiningarmál félaganna.

Ákveðið var að framkvæmdastjóri sendi út á stjórnarfolk tillögur að dagsetningum fyrir væntanlegan vinnufund stjórnar.

### 6. Fundur með Endurmenntun

Baldvin sagði frá fundi sem hann, Íris og Helga Birna áttu með fulltrúum Endurmenntunar, vegna samnings milli Starfsþróunarseturs BHM og Endurmenntunar um ókeypis námskeið fyrir sjóðfélaga Setursins. Niðurstaða fundarins var sú að fulltrúar félagsins eigi fund með HÍ þar sem rætt verði um sambærilegt samstarf SFH og Endurmenntunar.

### 7. Fréttir af BHM.

Baldvin sagði umræðum frá formannaráðsfundi, þar var m.a. rætt um:

- Málþing sem BHM stendur fyrir þann 9. Sept. nk. sem ber heitið: „Borgar sig að vanmeta menntun.“
- Miðlæg nefnd er að störfum sem hefur það hlutverk að skoða innra starf BHM, Baldvin situr í nefndinni fyrir hönd félagsins.
- Jöfnun launa. Niðurstaða hefur náðst fyrir stéttarfélög þar sem félagsfolk þeirra starfar á Landsspítala. Samkæmt áfangasamkomulagi um jöfnunar launa er ljóst að háskólafélögin eru næst í röðinni og sennilega verður boðað til fundar seinna í mánuðinum.

Ármann Höskuldsson, vék af fundi.

- Baldvin sagði frá erindi sem félaginu barst frá alþjóðlegu verkalýðshreyfingunni með yfirskriftinni, Þjóð gegn Þjóðarmorði – stéttarfélög hvetja til þátttöku. Í erindinu er óskað eftir þátttöku félagsins á fjölda fundi sem mun fara fram laugardaginn 7. september næstkomandi. Þátttakan felst m.a. í því að félagið skrifi undir yfirlýsingu sem fylgir með erindinu og sem verður birt í fjölmiðlum.  
Málið rætt og stjórn samþykkir að skrifa undir yfirlýsinguna.

- Baldvin sagði frá því að félagið muni óska eftir fundi í samráðsnefnd Fh og HÍ. Félagið hefur langan lista mála sem þarf að ræða og ná niðurstöðu um. Þá upplýsti hann að verklag vegna greiðslu fyrir þá sem vinna með skaðvalda er loks á lokametrinum. Einnig að háskólaráð muni fundi í dag þar sem sennilegast verði rætt um reglur um námsleyfi.

Fundi lauk kl. 13:30. Næsti fundur verður haldinn 2. október nk.